

Ógrækt-land


fluttu þeir Hallgrímur Indriðason og Vilhjálmur Sigtryggsson en báðir eru þeir framkvæmdastjórnar skógræktarfélagi þar sem mjög gott samstarf hefur tekist við viðkomandi bæjarfélag, Hallgrímur á Akureyri og Vilhjálmur í Reykjavík.

Árangur af slíku samstarfi hefur hvarvetna reynst mjög góður, ekki hvað síst það er varðar úti-vistarsvæði við þéttbýli enda skorði aðalfundurinn m.a. á bæjar- og sveitarfélög víðs vegar um land að taka upp eða efla slíka samvinnu við skógræktarfélagin á staðnum," sagði Hulda.

"Skógræktarfélagin eru sem kunnugt er áhugamannafélög 31 talsins um land allt og eru öll aðildarfélag Skógræktarfélagis Íslands. Þau eru eins og gefur að skilja misstór, en öll starfa þau af fórnfýsi og með bjargfasta trú á möguleika trjá- og skógræktar á Íslandi og ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja fólk til að ganga í skógræktarfélagið í heimahéraði sínu og leggja þessum málum sitt lið. Þarna er um að ræða mannbætandi hugsjónastarf sem auðgar hvern sem að þeim vinnur og hlýtur að vera landi og lýð til góðs.

Við, áhugafólk um skógrækt, finnum að nú blæs byrlega fyrir málstaðinn. Menn sjá nú með eigin augum ágætan árangur af skógræktarstarfi víðs vegar um land og meta að verðleikum menntun og tilraunir á þessu sviði. Svo er fyrir að þakka ötulustu starfi fagmanna á vegum Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaganna," sagði Hulda Valtýsdóttir að lokum.

vegna héraðs-ampykktinni



Viðbrögð við fiskverðshækkun

Vegna ákvörðunar yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins um 16% hækkun fiskverðs, ræddi Morgunblaðið við fulltrúa kaupenda og seljenda í nefndinni. Fara hér á eftir viðtöl við Friðrik Pálsson, Eyjólf Ísfeld Eyjólfsson, Ingólfur Ingólfsson og bókun, sem Kristján Ragnarsson lét gera er fiskverð hafði verið ákveðið.

Friðrik Pálsson:

Vinnslan getur ekki staðið undir yfirfjárfestingu flotans

„VENJULEGA hefur fiskverðið verið í kringum 50% af heildarkostnaði fiskvinnslunnar og því má segja að 16% fiskverðshækkun valdi vinnslunni, frystingu og söltun, um 8% útgjaldaaukningu, eða um 350 milljón um króna. Þessi 16% hækkun er mikil fiskverðshækkun og við fulltrúar vinnslunnar teygðum okkur örugglega eins langt og kostur var og vonumst til þess að vinnslan geti lifað við þetta úr því að það var engin leið að ná samkomulagi með báðum aðilum," sagði Friðrik Pálsson, annar fulltrúi kaupenda, er hann var inntur eftir kostnaðaraukningu fiskvinnslunnar í kjölfar fiskverðshækkunarinnar.

„Þess vegna er það enn þá hryggilegra en ella, að samkvæmt bókun fulltrúa útgerðarinnar virðist þetta hvergi nærri nægja þeim, þó ég haldi að sjómenn megi tiltölulega vel við una, þar sem þetta er hliðstæð hækkun og landfólk hefur fengið. Mergurinn málsins í þessu er sá, að það hlaut að koma að því, að vinnslan gæti ekki borgað þessa yfirfjárfestingu í flotanum, sem átt hefur sér stað að undanfögnu. Það er fyrst og fremst að koma fram núna. Hins vegar rengr ég ekki þær tölur Þjóðhagsstofnunar, sem útvegs-menn vitna í, að hallinn á útgerðinni er mikill áfram eftir þetta. Á hinn bóginn hafa forsvarsmenn útgerðarinnar sjálfir lýst því yfir að þessi vandi verði aldrei leystur

með fiskverðshækkun einni og það held ég að hafi sannast í dag. Þetta er bara það, sem við höfum verið að búast við að hlyti að koma að. Sjómenn og útvegs-menn hafa sjálfir varað við því mjög sterklega undanfögnu misseri að flotinn yrði stækkaður, en engu að síður hefur það gerzt og því er svo komið að venjulegar leiðir eins og fiskverðshækkun og gengisfelling í kjölfar hennar duga ekki til," sagði Friðrik.

Ingólfur Ingólfsson:

Á von á harkalegum viðbrögðum sjómanna

„ÞAD er eins fjarri því og hægt er, að ég sé sáttur við þessa fiskverðs-ákvörðun. Það er ljóst með henni að ríkisstjórnin hefur enn hafnað öllum rökum okkar um að tekið verði tillit til tekjurýrnunar sjómanna, en hún er veruleg vegna minnkandi afla og verðminni aflasamsetningar. Afkoma útgerðarinnar endurspeglar afkomu sjómanna," sagði Ingólfur Ingólfsson, fulltrúi sjómanna í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins, er Morgunblaðið innti hann álits á nýákveðnu fiskverði í gær.

„Það kann að vera að menn leggi ekki trúnað á, að illa sé komið og það sé skýringin á þessu fiskverði. Ég á von á harkalegum viðbrögðum sjómanna, en erfitt er að segja til um hvort gripid verði til stöðvunar fiskiskipaflotans, en einhverntíma hefði þótt ástæða til þess og af minna tilefni. Bara til þess að halda í við aðra og bæta samdrátt í afla og verðminni aflasamsetningu hefði fiskverðið þurft að hækka langt yfir 20%.

Þá hefur það komið fram hjá sjávarútvegsráðherra, bæði fyrr og nú, að hann gerði sér grein fyrir því, að átaks væri þörf til að

réttu hlut sjómanna og hefur hann í því tilefni nefnt tölur um miklu meiri hækkun en nú hefur verið ákveðin. Það er því erfitt að gera sér grein fyrir því, sem er að gerast innan ríkisstjórnarinnar, en það virðist þó að þar sé sjávarútvegsráðherra valdalaus og ekki sé hægt að taka mark á orðum hans. Síðast í morgun lýsti hann því yfir að vilji hans væri að fiskverðshækkun yrði mun meiri en raunin varð á nú í dag.

Það verður fundur hjá Farmannasambandinu á miðvikudag og ég geri ráð fyrir hörðum viðbrögðum þaðan og sömuleiðis frá Sjómannasambandinu," sagði Ingólfur.

Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson:

Hækkunin skilur vinnslugreinarnar eftir á núlli

„NÝAFSTAÐIN gengisbreyting var of lítil og kom of seint til þess að hægt væri að skapa viðunandi rekstrarskilyrði í sjávarútvegi.

Með tilliti til afleiðrar stöðu útgerðar annars vegar og samdráttar í tekjum sjómanna hins vegar vegna aflaryrnunar, reyndu fulltrúar fiskkaupenda að teygja sig eins langt í fiskverðshækkun og frekast var unnt. Því er ekki að leyna að þetta skilur vinnslugreinarnar eftir á núlli og má þá ekkert út af bera í markaðsmálum. Verður því að treysta á verulegt gengis- og næstu mánuðum til að mæta vaxtagjöldum og sífelldum kostnaðarhækkunum," sagði Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, annar fulltrúi fiskkaupenda í yfirnefndinni,

er hann var inntur eftir áhrifum 16% fiskverðshækkunar á afkomu fiskvinnslunnar.

Bókun Kristjáns Ragnarssonar:

Staða útgerðarinnar nú verri en í sumar

Við ákvörðun fiskverðs í gær, lét fulltrúi útgerðarmanna í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Kristján Ragnarsson, bóka eftirfarandi:

Með þessari fiskverðsákvörðun, sem ákveðin er af oddamanni að fyrirskipan ríkisstjórnarinnar, og af fulltrúum fiskkaupenda, er ekkert tillit tekið til þess vanda sem að útgerðinni snýr vegna aflaryrnunar og hækkandi oliukostnaðar.

Sjávarútvegsráðherra hefur í allt sumar lýst vanda útgerðarinnar, sem ráða þyrfti bót á. Hefur hann flutt um fella tillögur í ríkisstjórninni en þallið frá þeim öllum þegar á hefur reynt. Eftir þessa fiskverðshækkun er staða útgerðarinnar verri en hún var í sumar þegar sjávarútvegsráðherra taldi þörf aðgerða. Að mati Þjóðhagsstofnunar er halli minni togara um 16% af tekjum eftir fiskverðsákvörðun, halli bátaflotans lítilla minni og halli stóru togaranna mun meiri, miðað við þann afla, sem verið hefur á þessu ári. Áframhaldandi gengis-sig er yfirvofandi og mun valda enn frekari hækkun á olíu og öðrum aðföngum útgerðarinnar.

Með hliðsjón af því, að ríkisstjórnin hefur á engan hátt mætt erfiðleikum útgerðarinnar og virðist vænta þess að útgerðin geti orðið sér úti um aukid lánsfé í tapreksturinn, mun á það reyna næstu daga hvort útgerðin lætur slíkt yfir sig ganga.

Sýning Bing & Gröndahl á Kjarvalsstöðum:

Fegurst skreytt borð

Í TENGLUM við sýningu dönsku postulínsverksmiðjunnar Bing & Gröndahl á Kjarvalsstöðum var haldin borðskreytingarsamkeppni þar sem 12 félagasamtök spreyttu sig á því að gera úr garði sem fegurstu borðskreytinguna úr borðbún- aði frá verksmiðjunni. Sýningargestir voru fengnir til þess að greiða atkvæði besta borðinu eftir smekk sínum og voru þau talin í lok sýningarinnar á mánuðagskvöld.

Sigurvegari varð Félag framreiðslumanna sem skreytti borð sitt með Ballerin postulínssetti. Það voru þau Sturla Pétursson og Sólrún Árnadóttir sem kepptu fyrir hönd framreiðslumanna. Í

öðru sæti varð kvennadeild Rauða kross Íslands sem skreytti borð sitt með Offenbach postulínssetli, en fyrir hönd deildarinnar keppti Unnur Scheving Thorsteinsson. Í þriðja sæti varð tímariðið Gestgjafinn sem notaði Mexico steintastell, en þau Hilmar B. Jónsson og Elin Káradóttir kepptu fyrir hönd Gestgjafans. Í verðlaun fyrir þriðju efstu sætin voru stytur frá Bing & Gröndahl verksmiðjunni. Aðrir þátttakendur í keppninni voru Hótel- og veitingaskóli Íslands, Hárgreiðslumeistarafélag Íslands, Svölurnar, Sor-optimista, Hringurinn, Model 79, Módel-samtökin, Tískublaðið Líf og Hús og hífýli.



Sólrún Árnadóttir og Sturla Pétursson standa hér við borðskreytingu sína, sem hlaut fyrsta sætið í borðskreytingarsamkeppninni á sýningunni. Þau Sólrún og Sturla kepptu fyrir hönd Félags framreiðslumanna.